



Umbætur í málaflokki fatlaðs fólks

Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs Reykjavíkurborgar



Úttekt HLH ráðgjafar

- Í febrúar 2024 fól borgarstjóri HLH ráðgjöf að vinna úttekt á málaflokki fatlaðs fólks
- Markmið úttektarinnar var að benda á leiðir til sjálfbærs reksturs málaflokksins



Reykjavík



Þrjár spurningar voru lagðar til grundvallar:

1

Eru tækifæri til umbóta í rekstri málaflokks fatlaðs fólks hjá borginni?

2

Er borgin að veita þjónustu í málaflokki fatlaðs fólks sem ekki er á ábyrgð borgarinnar að veita?


3

Hvað veldur því að kostnaður við ákveðna þjónustupætti eru ítrekað umfram áætlanir?



Reykjavík

Hvað þýðir þetta?







Tillaga: Einföldun á skipulagi málaflokksins

Lagt er til að stjórnskipulag málaflokks fatlaðs fólks verði einfaldað. Rekstur málaflokksins verði færður frá miðstöðvum á miðlæga skrifstofu og deildir málaflokks fatlaðs fólks á miðstöðvum verði lagðar niður.

-
- Það myndi einfalda mjög yfirsýn ef stjórnun málaflokksins væri á einni hendi hjá Reykjavíkurborg, sérstaklega á meðan að unnið er að rekstrarlegum umbótum.
 - Í því felst að einn aðili hefur heildaryfirsýn yfir rekstur og þjónustu málaflokksins. Þessi aðili leiðir teymi sem hafa góða yfirsýn og djúpa innsýn í einstaka þjónustubætti svo sem rekstur búsetu, ráðgjöf til notenda, stuðnings- og stoðþjónustu og vinnu og virkniúrræði.



Einföldun á skipulagi málaflokksins





Tilgangur breytinganna

- Auka gæði þjónustu við fatlað fólk með einföldun stjórnskipulags
 - Skýrari verkaskipting
 - Auka yfirsýn og eftirlit
 - Einfalda verklag
 - Jafnræði í þjónustu
- Leitast við að tryggja sjálfbæran rekstur
 - Draga úr töfum og einfalda ákvörðunartöku
 - Stuðla að aukinni skilvirkni við framkvæmd þjónustu með betri nýtingu fjármagns og mannauðs
 - Gert er ráð fyrir að breytingin taki gildi frá og með 1. febrúar nk.